

AUGLÝSING

um staðfestingu samgönguráðuneytisins á sameiningu Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 með síðari breytingum, tilkynnir ráðuneytið að það hafi hinn 15. maí 2008, staðfest sameiningu Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar, í umdæmi sýslumannsins á Húsavík, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur verið ákveðið:

Sameining sveitarfélaganna tveggja taki gildi 12. júlí 2008.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir sveitarfélögunum.

Íbúar sveitarfélaganna skulu vera íbúar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 28. júní 2008, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjóra skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar, nema annað verði ákveðið.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar sem sveitarstjórnirnar hafa skipað sameiginlega, samhliða kosningum til nýrrar sveitarstjórnar 28. júní 2008. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Samgönguráðuneytinu, 15. maí 2008.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.